

Stofnanasamningur

Háskólans á Akureyri
við
Félag háskólakennara á Akureyri

frá 18. desember 2025

1. KAFLI

Almennar forsendur

1.1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi byggir á grein 11.3 í kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Félags háskólakennara á Akureyri hins vegar, dags. 16. september 2024. Samningurinn nær til alls starfsfólks Háskólans á Akureyri sem nýtur ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningum Félags háskólakennara á Akureyri svo og þeirra sem eru í leyfi, launuðu eða launalaus, fæðingarorlofi eða veikindaleyfi.

1.2 Markmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með samningnum:

- Að launasetning sé með hlutlægum hætti og sömu mælikvarðar notaðir við ákvörðun launa eftir eðli starfa.
- Að jafnréttisstefna Háskólans á Akureyri sé höfð að leiðarljósi við launaákvörðanir þannig að sömu laun séu tryggð fyrir sambærileg störf fyrir öll kyn.
- Að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsfólk til þróunar í starfi með hliðsjón af árangri og eðli þeirra starfa sem þau gegna.

1.3 Röðun starfa í launaflokka

Störfum skal raðað í launaflokka í samræmi við eðli starfs og starfslýsingu. Starfslýsingar endurskoðast a.m.k. annað hvert ár.

Ákvörðun sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, skal hafa ígildi vísireglu gagnvart öðru starfsfólki í sambærilegum störfum svo tryggt verði að það njóti jafnræðis.

1.3.1 Störf akademíks starfsfólks, sem og aðjúnkta 1 og nýdoktora, eru metin til stiga samkvæmt matskerfi opinberra háskóla sem staðfest er af matskerfisnefnd, kafla 2.

1.3.2 Stjórnsýslu-, þjónustu- og sérfræðistörf eru metin til stiga samkvæmt starfsmatskerfinu *SKREF*, kafla 3.

1.3.3 Um launaröðun aðjúnkta 2, tímabundinna starfa og starfa meistara- og doktorsnema er fjallað í 4. kafla.

1.4 Forsendur launaröðunar og rökstuðningur

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað í launaflokk miðað við fyrirbyggjandi forsendur um röðun á hann rétt á því að fá forsendur röðunar sinnar gefnar upp og rökstuddar, sem og

endurmetnar ef ástæða þykir til. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar (samráðsnefndar um kjaramál eða sambærilegrar nefndar) skv. 11. kafla kjarasamnings Félags háskólakennara á Akureyri við fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs dags. 16. september 2024.

2. KAFLI

Akademískt starfsfólk, aðjúnktar 1 og nýdóttar

launatafla akademískra nr. 696 (A)

2.1 Forsendur röðunar starfa við rannsóknir og kennslu

Um er að ræða störf nýdóttara, aðjúnkta 1, lektora og dósentra. Með rannsóknum er hér átt við sjálfstæðar rannsóknir þar sem starfsmaður beitir kunnáttu sinni og hæfileikum til nýsköpunar og þekkingar með það að markmiði að birta árangur af starfi sínu í fræðiritum eða með öðrum viðurkenndum hætti.

2.2 Starfsskyldur kennara

Starfsskyldur kennara við Háskólann á Akureyri skiptast í þrjá meginþætti: Rannsóknir, kennslu og stjórnun. Um vægi starfsháttanna, undantekningar frá almennum starfsskyldum og ákvarðanir um rannsóknamissari, fer samkvæmt reglum sem Félag háskólakennara á Akureyri og Háskólinn á Akureyri koma sér saman um og hlotið hafa samþykki háskólaráðs.

2.3 Framgangur í efra starfsheiti

Þegar sótt er um framgang í efra starfsheiti tekur framgangur gildi samkvæmt reglum um framgang akademísks starfsfólks sem Félag háskólakennara á Akureyri og Háskólinn á Akureyri koma sér saman um og hlotið hafa samþykki háskólaráðs.

2.4 Röðun í launaflokka og viðmiðunarkröfur um stigafjölda

Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga skal færa kennara á milli launaflokka. Vegna þess skal árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfsháttanna skv. staðfestu kennsluuppgjöri og rannsóknarskýrslu, sbr. matskerfi opinberra háskóla. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir launaflokkahækkun frá sama tíma.

2.5 Launaröðun

2.5.1 Launaröðun aðjúnkta 1, lektora og dósentra

Röðun aðjúnkta 1, lektora og dósentra í launaflokka er eins og sýnt er í töflu 2.1. Við framgang úr lektor í dósent fær viðkomandi eitt aukaþrep til hægri miðað við töflu 2.2. frá og með 1. sept. 2025, sjá töflu 2.3.

Tafla 2.1. Launaröðun aðjúnkta 1, lektora og dósenta í gildi frá 1. september 2023.

Rannsóknastig	Heildarstig	L.fl.
<270	<375	L09-0
270	375	L10-0
335	500	L11-0
400	625	L12-0
475	750	L13-0
550	900	L14-0
650	1050	L15-0
750	1200	L16-0
1000	1600	L17-0
1500>	2000>	L18-0

Röðun aðjúnkta 1 og lektora í launabrep 0-7 fer eftir stigum fyrir B, C, D, E, F og G hluta matskerfis opinberra háskóla, sbr. töflu 2.2. Röðun í launabrep ræðst af uppsöfnuðum stigum fyrir matsþætti þessa. Stigatalning samkvæmt töflu 2.2 kom fyrst til framkvæmda 1. september 2016 fyrir áunnin stig 2015. Um röðun dósenta gildir tafla 2.3.

Tafla 2.2. Launabrep aðjúnkta 1 og lektora.

Launabrep	0	1	2	3	4	5	6	7
<20	20	100	150	250	425	600	800	

Tafla 2.3. Launabrep dósenta.

Launabrep	1	2	3	4	5	6	7	8
<20	20	100	150	250	425	600	800	

Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga skal færa aðjúnkta 1, lektora og dósenta á milli launaflokka og launabrepa. Vegna þess skal árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfsháttanna skv. framtali starfa sbr. matskerfi opinberu háskólanna. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir hækkun um launaflokk og/eða launabrep frá sama tíma. Við röðun í launaflokk er heimilt að flytja allt að 10% af heildarstigum á rannsóknarstig.

2.5.2 Launaröðun nýdoktora

Þau sem ráðin eru sem nýdoktorar, sbr. skilgreiningu á nýdoktor, sjá fylgiskjal II, eiga kost á að fá störf sín metin skv. matskerfi opinberu háskólanna og raðast þá til launa samkvæmt töflu 2.4. Lágmarksröðun nýdoktora er í L06-1.

Tafla 2.4. Launaröðun nýdoktora.

Rannsóknastig	Heildarstig	L.fl.
0,4	0,6	
	<200	L06-1
	200	L07-1
135	155	250
270	320	375
335	410	500
400	500	625
475	600	750
550	720	900
650	840	1050
750	960	1200
1000	1280	1600
1500	1600	2000

2.5.3. Fyrirvari með röðunarforsendum í launaflokka og launaprep

Stofnanasamningur miðast við samræmdar matsreglur opinberra háskóla eins og þær eru við undirskrift samningsins. Ef endurskoðun á matsreglum leiðir til breytinga á stigagjöf verða röðunarforsendur skv. töflum 2.1, 2.2, 2.3 og 2.4 endurskoðaðar af aðilum samningsins.

2.6 Vinnustundir umfram starfsskyldur

2.6.1 Yfirvinna.

Hámark yfirvinnu kennara (sbr. gr. 2.5.1) og nýdoktora (sbr. gr. 2.5.2) er 200 klst. Tímakaup fyrir yfirvinnu er 1,0385% af mánaðarlaunum viðkomandi.

2.6.2 Kennsla umfram starfsskyldur.

Starfsmanni er heimilt í samráði við yfirmann að kenna tímabundið umfram kennsluskyldu og flytja sem samsvarar allt að eins misseris yfirvinnu vegna kennslu á milli ára. Tímakaup fyrir kennslu umfram starfsskyldu er fastur taxti, 0,632% af launaflokki 14-0, þó ekki lægri upphæð en 0,632% af mánaðarlaunum viðkomandi frá og með 1. nóvember 2024.

2.6.3. Þak á fjölda vinnustunda umfram starfsskyldur.

Þak á fjölda vinnustunda sbr. gr. 2.6.2 er að hámarki eins og fram kemur í töflu 2.5.

Tafla 2.5.

Launaflokkar:	06	07	08	09	10	11	12	13	14	15	16	17	18
Yfirvinna alls á ári:	648	648	540	540	540	540	540	540	468	468	420	420	420

Aðjúnkt 1, lektor eða dósent í minna en 100% starfi fær greidda kennslu umfram starfsskyldur ef viðkomandi kennir umfram kennsluskyldu ráðningarlutfalls, nema hlutfalli sé formlega breytt.

2.7 Vinnuskylda við kennslu og rannsóknir m.t.t. fæðingar- og foreldraorlofs, veikinda og slysa

1. Vinnuskylda á ársgrundvelli við kennslu, rannsóknir og stjórnun minnkar hlutfallslega vegna töku fæðingar- og foreldraorlofs eða fjarvista vegna veikinda og slysa. Þetta gildir óháð árstíma fjarvistanna.
2. Kröfur um rannsóknastig er byggja á rannsóknaframlagi undangenginna þriggja eða fimm ára, minnka hlutfallslega.
3. Þröskuldur vinnumatssjóðs vegna rannsókna lækkar hlutfallslega.
4. Kennslustig eru veitt óháð fjarvistum af þeim toga sem hér um ræðir.

3. KAFLI

Starfsfólk við stjórnsýslu-, þjónustu- og sérfræðistörf

almenn launatafla nr. 695 (S)

3.1 Röðun starfa í launaflokka

Stjórnsýslu-, þjónustu- og sérfræðistörf eru metin til stiga samkvæmt starfsmatskerfinu *SKREFi*¹. Við röðun starfa samkvæmt starfsmati skal miða við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið. Því til viðbótar koma persónubundnir þættir sem metnir eru og ráðast af þeim einstaklingum sem gegna starfinu hverju sinni. Launaröðun starfsfólks í stoðþjónustu og stjórnsýslu HA byggir á þremur þáttum; starfinu sjálfu, starfsmanninum sjálfum og uppsafnaðri starfsreynslu hjá Háskólanum á Akureyri.

3.1.1 Starfið sjálft (starfsmat)

Grunnröðun starfa í launaflokka er í samræmi við starfsmat. Starfsmat fer fram samkvæmt starfsmatskerfinu *SKREFi*. Mat á starfi, ábyrgð og umfangi þess er framkvæmt af starfsfólki fjármála og greiningar eftir starfslýsingu og nánari upplýsingum um starfið frá næsta yfirmanni þess. Nauðsynlegt er að starfslýsing liggja fyrir þegar ráðið er í starf.

3.1.2 Starfsmaðurinn sjálfur (menntun og reynsla)

Mat á einstaklingnum sem sinnir starfinu sjálfur er persónubundið mat á reynslu og menntun starfsmanns. Stigakvarðinn við mat á menntun er skilgreindur eftir lengd náms. Reynsla sem gerð er krafa um í auglýsingu er metin sem og viðbótarstarfsreynsla ef við á.

3.1.3 Áfrýjunarnefnd vegna starfs- og hæfnismats

Einstaklingar geta skotið ágreiningi vegna niðurstöðu mats til samstarfsnefndar FHA og HA. Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir.

3.2 Launaröðun

Launaröðun samkvæmt starfs- og hæfnismati er eins og sýnt er í töflu 3.1. Röðunin byggist á samanlögðum stigum úr starfs- og hæfnismati.

¹ Handbók um starfsmatskerfið *SKREF* má finna í starfsmannahandbók HA í Uglu og á vef FHA.

Tafla 3.1. Launaröðun þeirra er falla undir SKREF, gildir frá 1. janúar 2024.

Heildarstig	Launafl.	Þrep
< 300	L05	6
335	L06	6
370	L07	6
400	L08	6
450	L09	6
500	L10	6
535	L11	5
575	L11	6
600	L12	5
625	L12	6
650	L13	5
675	L13	6
700	L14	5
725	L14	6
750	L15	5
775	L15	6
800	L16	5
850	L17	5
900	L18	5
950	L19	5
1000	L20	5
1050	L21	5
1100>	L22	5

3.2.1. Ákvæði um staðgengilslaun

Sé starfsmaður samkvæmt starfslýsingu staðgengill forstöðumanns eða framkvæmdastjóra skal hann raðast einum launaflokki hærra en ella, sbr. kafla 9 í gildandi kjarasamningi FHA.

3.3 Mat á menntun

Mat á menntun fer skv. 3. kafla handbókar SKREFs og er eftirfarandi en miðað er við hæstu menntunargráðu.

Tafla 3.2. Grunnmenntun.

Gráða	Stig
Háskólapróf BA/BS – 180 ECTS einingar	95
Háskólapróf BA/BS – 240 ECTS einingar	125
Háskólapróf MA/MS/viðbótarmenntun – 120 ECTS einingar	180
Starfið krefst menntunar á tveimur sviðum	180
Doktorspróf	250

Tafla 3.3. Viðbótarnám við BA/BS.

Gráða	Stig
Annað BA/BS próf – 180 ECTS einingar	30
Meistaránám til eins og hálfis árs – 90 ECTS einingar	70

Tafla 3.4. Viðbótarnám við MA/MS.

Gráða	Stig
Annað MA/MS próf – 90 ECST einingar	25
Annað MA/MS próf – 120 ECTS einingar	30

Tafla 3.5. Viðbótardiplómanám ofan á BA/BS eða MA/MS.

Gráða	Stig
Diplómapróf á meistarastigi – hálf t ár 30 ECTS einingar	10
Diplómapróf á meistarastigi – eitt ár 60 ECTS einingar	20

3.3.1. Annað nám og símenntun.

Stakar einingar sem ekki hafa verið metnar í formlegu háskólanámi. Hverjar 10 einingar eru metnar til 2 stiga, allt að 90 einingar eða mest 18 stig. Stök námskeið sem gefin eru upp í stundum má safna saman og meta til stiga. Að jafnaði skal ekki meta eldri námskeið en 10 ára.

Tafla 3.6. Starfsnám/símenntun.

Nám allt að 60 klst.	2 stig
Nám allt að 120 klst.	4 stig
Nám allt að 200 klst.	8 stig

Hafi uppfærð starfslýsing, viðbótarmenntun eða annað nám og símenntun áhrif til hækkunar á launum starfsfólks skal hækkunin taka gildi frá næstu mánaðamótum eftir að fullnægjandi gögnum hefur verið skilað til verkefnastjóra launa- og kjaramála.

3.4 Ársmat – uppsöfnuð starfsreynsla í HA

Ársmat tengist árlegu starfsmannasamtali og yfirferð starfslýsingar. Ársmati fylgir árleg uppsöfnun stiga (7 stig á ári fyrir fullt starf) og kaupauki (greiðsla úr ársmatssjóði). Breytingar á kaupauka skulu ræddar í samstarfsnefnd. Endurskoðað skal starfslýsingar eftir þörfum og að lágmarki annað hvert ár. Ársmatssjóður greiðist úr 1. sept. ár hvert. Breytingar á röðun í launaflokka á grundvelli árs mats taka gildi 1. september ár hvert.

3.4 Starfsheiti

Starfsheiti háskólamenntaðs starfsfólks hjá Háskólanum á Akureyri sem raðast í launaflokka á grundvelli starfs- og hæfnismats eru eftirfarandi.

Tafla 3.7. Starfsheiti.

<i>Forstöðumaður</i>	<i>Framkvæmdastjóri</i>	<i>Sálfræðingur</i>
<i>Gæða- og mannauðsstjóri</i>	<i>Kennsluráðgjafi</i>	<i>Skjalastjóri</i>
<i>Lögfræðingur</i>	<i>Náms- og starfsráðgjafi</i>	<i>Verkefnastjóri</i>
<i>Rannsóknarstjóri</i>	<i>Samskiptastjóri</i>	
<i>Sérfræðingur</i>	<i>Skrifstofustjóri</i>	

Heimilt er að nota önnur starfsheiti ef þau eru lýsandi fyrir starfið.

4. KAFLI

Aðjúnktar 2, tímabundin störf og nemendur

almenn launatafla nr. 695 (S)

4.1 Aðjúnktar 2

Heimilt er að ráða tímabundið til allt að tveggja ára án auglýsingar til starfa kennara með starfsheitið aðjúnkt 2 í allt að 49% starf þar sem allt að 90% vinnuskyldu er kennsla og prófvinna.

Þá er heimilt að ráða í starfsheitið aðjúnkt 2 í allt að 100% starfshlutfall, með sömu starfsskyldur, tímabundið eða ótímabundið, og skal þá starfið auglýst eftir þeim reglum sem um það gildir á hverjum tíma.

Launaröðun aðjúnkta 2 fer eftir menntun og starfsreynslu, sbr. töflu 4.1, og tekur gildi 1. september 2023 hvað varðar launaprep vegna starfsreynslu.

Tafla 4.1.

	Launaflokkur	Eftir 1 ár í starfi	Eftir 3 ár í starfi
BA/BS	055	056	057
Viðbót við BA/BS, diplóma (60 ECTS)	065	066	067
MA/MS	075	076	077
Doktorspróf	095	096	097

Aðjúnkt 2 sem verið hefur samfellt í starfi a.m.k. tvö ár í 25% starfshlutfalli og hefur náð 50 stiga lágmarki í rannsóknum á þess kost að fá röðun sína endurskoðaða með hliðsjón af niðurstöðu mats skv. matskerfi opinberu háskólanna og tekur þá laun samkvæmt launatöflu A (696) til samræmis við töflu 4.1.

Tafla 4.1. vegna launaröðunar aðjúnkta 2 sem taka laun samkvæmt launatöflu A (696).

Rannsóknastig	Heildarstig	L.fl.
<270	<375	L09-0
270	375	L10-0
335	500	L11-0
400	625	L12-0
475	750	L13-0
550	900	L14-0
650	1050	L15-0
750	1200	L16-0
1000	1600	L17-0
1500>	2000>	L18-0

4.2 Tímabundin störf

Launaröðun starfsfólks sem ráðið er tímabundið á grundvelli rannsóknarstyrkja, í sumarstörf eða aðstoðarkennslu.

4.2.1 Rannsóknarmaður I/Aðstoðarkennari, Skrifstofu- og/eða þjónustustarf I

Starfar undir beinni stjórn yfirmanna sinna. Nýtir kunnáttu sína og menntun við úrlausn þeirra verkþátta sem honum eru faldir. Aðstoðarkennarar eru nemendur við Háskólann á Akureyri sem ráðnir eru kennara til aðstoðar.

4.2.2 Rannsóknarmaður II/Skrifstofu- og/eða þjónustustarf II

Starfar undir stjórn yfirmanna sinna og vinnur að stórum hluta sjálfstætt að úrlausn verkþátta.

4.2.3 Rannsóknarmaður III/Skrifstofu- og/eða þjónustustarf III

Hefur umsjón með og ber ábyrgð á ákveðnum verkefnum eða verkþáttum sem krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar.

4.2.4 Rannsóknarmaður IV/Skrifstofu- og/eða þjónustustarf IV

Starfar við skrifstofu-, grunn- og/eða þjónusturannsóknir. Hefur umsjón með viðamiklum verkefnum eða mörgum smærri verkefnum og ber faglega ábyrgð á þeim. Getur tekið þátt í kennslu eða leiðbeiningu á sínu fagsviði.

4.2.5 Grunnröðun

Við grunnröðun starfa skal miða við bakkalárgráðu 180 ECTS.

Tafla 4.2.

<i>Starfsheiti</i>	<i>Lágmarkslaunaflokkur</i>
Rannsóknarmaður I/ Skrifstofu- og/eða þjónustustarf I	030
Rannsóknarmaður II/Skrifstofu- og/eða þjónustustarf II	040
Rannsóknarmaður III/Skrifstofu- og/eða þjónustustarf III	051
Rannsóknarmaður IV/Skrifstofu- og/eða þjónustustarf IV	071

4.2.6 Persónubundnir og starfstengdir þættir til viðbótar grunnröðun (menntun og reynsla)

Þessir þættir eru metnir til allt að 10 launaprepa.

Tafla 4.3.

<i>Menntun:</i>	<i>Launaprep</i>
Bakkalárpróf - 240 ECTS	2
Meistarapróf – MSc eða sambærilegt	4
Doktorspróf – PhD eða sambærilegt	6
<i>Aðrir þættir</i>	
Reynsla – 1 árs starfsreynsla	1
Reynsla – 3 ára starfsreynsla	1

Grunnröðun er á bilinu 030 upp í 071. Persónubundnir þættir (menntun og reynsla) bætast ofan á grunnröðun mest 10 þrep. Hafi starfsmaður fullnýtt öll launaprep í viðkomandi launaflokki hækkar hann upp um 2,5% fyrir hvert launaprep sem hann ávinnur sér.

4.3 Meistara- og doktorsnemar

Meistara- og doktorsnemar eru nemendur að aðalstarfi, störf þeirra með námi eru að öllu jöfnu fjármögnuð af styrkjum eða sjálfsaflafé sem setur launasetningu skorður. Tryggt skal þó að röðun þeirra sé ekki lægri en launaflokkar 2 og 3. Við ráðningu skal meta starfshlutfall og/eða ráðningartíma m.t.t. fjárhæðar styrksins.

Tafla 4.4.

Lágmarksröðun:

Meistararnemar: 020

Doktorsnemar: 030

Heildarútgáfa stofnanasamnings Háskólans á Akureyri og Félags háskólakennara á Akureyri

Akureyri, 18. desember 2025

Fyrir hönd Háskólans á Akureyri

Fyrir hönd Félags háskólakennara á Akureyri

Með samningi þessum fylgir:

Bókanir 1-8

Fylgiskjal I, Reglur um starfsskyldur kennara við Háskólann á Akureyri.

Fylgiskjal II, skilgreining á nýdoktor

Bókanir

Bókun 1

Kennsla, rannsóknir og stjórnun

Það er á valdi háskólaráðs að setja reglur um mat á kennslu og stjórnun til vinnustunda, hvað nánar felst í starfspáttunum kennsla, rannsóknir og stjórnun og hlutfall þeirra starfa af heildarvinnutíma. Félag háskólakennara á Akureyri skal eiga fulla aðild að undirbúningi og gerð reglna hvað þessa þætti varðar. Breytingar á reglum um kennslu, rannsóknir og stjórnun skulu birtar með stofnanasamningi.

Bókun 2

Álag vegna tímabundinna þátta

Heimilt er að greiða álag ofan á dagvinnulaun þegar umfang/ábyrgð starfs breytist tímabundið vegna sérstakra verkefna. Næsti yfirmaður, viðkomandi starfsmaður og verkefnastjóri launa- og kjaramála skulu gera með sér samkomulag þar sem fram kemur hvaða ástæður liggi að baki álagsgreiðslum, kveðið er á um álagsprósentuna og það tímabil sem um ræðir. Við lok tímabilsins fellur álagið niður án fyrirvara. Álagsgreiðslur koma ekki í staðinn fyrir yfirvinnu. Dæmi um greiðslu tímabundins álags vegna sérstakra verkefna sem ekki hefur verið tekið tillit til við skilgreiningu starfs:

- Verkefnastjórnun nýrra tímabundinna verkefna.
- Starf í nefndum eða starfshópum á vegum stofnunar eða deildar.
- Aukið álag vegna veikinda eða tímabundinna fjarvista samstarfsfólks.
- Starfsfólki einingarinnar fækkar tímabundið.

Bókun 3

Áfram verður unnið að nýju eða endurskoðuðu starfsmatskerfi fyrir starfsfólk í stjórnsýslu og stoðþjónustu í nánú samstarfi við FHA. Markmiðið með upptöku nýs kerfis er að einfalda ferlið, auka gagnsæi við launaákvæðanir og vinna að auknu launajafnrétti.

Bókun 4

Unnið verður að tillögum að leiðréttingu á tímakaupi fyrir kennslu umfram starfsskyldur. FHA kemur með tillögum að útfærslu á breytingum á greinum 2.6.2 og 2.6.3 í stofnanasamningi þessum þannig að tímakaup fyrir kennslu umfram starfskyldur verði greitt sem yfirvinna 2 og þak á fjölda vinnustunda samkvæmt töflu 2.5 verður lækkað.

Bókun 5

Unnið verður að endurskoðun á kafla 2.5 í stofnanasamningi um launaröðun aðjúnkta 1, lektora og dósentar. Samstarfsnefnd HA og FHA vinna saman að útfærslu að breytingum á þessum kafla stofnanasamningsins. Markmiðið er að minnka stigamun á milli launaflokka og launaprepa til að endurspegla eðlilegan og mögulegan framgang í starfi og tilfærslu í launatöflu.

Bókun 6

Aðkoma FHA að reglum um rannsóknarmisseri. Reglum og skilyrðum sem HA setur um úthlutun/veitingu rannsóknarmissera verður ekki breytt án samtals við stéttarfélögin líkt og á við um breytingu á starfsskyldum akademískra starfsmanna.

Bókun 7

Aðkoma stéttarfélaga að reiknilíkani háskóla. Við undirbúning nýs reiknilíkans háskólanna var aðkoma stéttarfélaga mjög takmörkuð. Stéttarfélögin FH, FHA og FPR munu mynda starfshóp sem skilar tillögum um mögulegar viðbætur eða breytingar á reiknilíkani sem kunna að leiða til viðbótar fjárveitinga til háskólanna.

Bókun 8

Háskólinn á Akureyri mun kappkosta að kjör félagsmanna í FHA séu sambærileg kjörum félagsmanna FH við Háskóla Íslands.

Fylgiskjal I

Reglur um starfsskyldur kennara við Háskólann á Akureyri.

Samþykktar í háskólaráði 18. júní 2018

1. gr.

Starfsskyldur

Starfsskyldur kennara við Háskólann á Akureyri skiptast í þrjá meginþætti: rannsóknir, kennslu og stjórnun.

2. gr.

Skilgreining starfsþátta

2.1 Kennsla.

Kennsla við Háskólann á Akureyri felur í sér þjálfun nemenda til að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum og takast á við margvísleg störf í þjóðfélaginu. Kennslunni er ætlað að þroska nemendur, temja þeim ögun í vinnubrögðum, auka þekkingu þeirra og gera þeim kleift að beita þekkingunni á sjálfstæðan, skapandi og gagnrýninn hátt og til öflunar nýrrar þekkingar. Rannsóknnum og kennslu skal fléttað saman á öllum stigum náms, eftir því sem kostur er.

Nám til prófgráðu við Háskólann á Akureyri skiptist í einstök námskeið sem saman mynda eina heild. Fræðasvið bera ábyrgð á námi og veitingu prófgráða. Fræðasvið ákveður því hvaða námskeið eru kennd og hver kennir þau. Kennarar njóta kennslufrelsis innan þess ramma sem fræðasvið setur. Þeir ákveða sjálfir námsefni, efnistöð og kennsluhætti. Þetta mikilvæga frelsi felur í sér skyldur og ábyrgð gagnvart fræðunum, gagnvart stúdendum og samstarfsfólki.

2.2 Rannsóknir.

Kennarar njóta akademísks rannsóknafrelsis, en í því felst að þeir velja sér sjálfir viðfangsefni á fræðasviði sínu og þær aðferðir sem þeir beita. Fræðasvið skilgreinir fræðasvið hvers kennara. Rannsóknafrelsi felur í sér ábyrgð og skyldur. Niðurstöður rannsókna skulu kynntar á vísindalegum vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Þær skulu einnig kynntar almenningi eftir því sem kostur er. Kennarar skulu leitast við að afla tekna úr rannsóknasjóðum og frá öðrum aðilum til rannsókna sinna. Kennarar skulu árlega gera grein fyrir rannsóknnum sínum og niðurstöðum þeirra.

2.3 Stjórnun.

Stjórnun felur í sér verkefni í tengslum við kennslu og rannsóknir viðkomandi kennara og verkefni á vegum fræðasviðs, deildar eða námsleiðar sem mönnum er falið eða þeir eru kjörnir til að sinna tímabundið.

Umbunað er sérstaklega fyrir deildarformennsku og brautarstjórn og fundi í nefndum og starfshópum skipuðum af rektor, svo sem verið hefur undanfarin misseri.

3. gr.

Skipting starfsskyldna milli starfsþátta

Ákvæði þessarar greinar gilda um háskólakennara. Greinin á þó ekki við um þá sem gegna starfi fræðasviðsforseta.

3.1 Almennar starfsskyldur háskólakennara.

- a. Starfsskyldur prófessora skiptast almennt í 48% kennslu, 40% rannsóknir og 12% stjórnun.
- b. Starfsskyldur lektora og dósentar í hálfu starfi eða meira skiptast almennt í 48% kennslu og 40% rannsóknir og 12% stjórnun.
- c. Starfsskyldur lektora og dósentar sem eru í minna en hálfu starfi skiptast í 69% kennslu, 23% rannsóknir og 8% stjórnun.
- d. Starfsskyldur aðjúnktar í hálfu starfi eða meira skiptast almennt í 65% kennslu, 31% rannsóknir og 4% stjórnun.
- e. Starfsskyldur aðjúnktar í minna en hálfu starfi er allt að 90% kennsla og 10% stjórnun og annað.

3.2 Undantekningar frá almennum starfsskyldum.

I. Hlutfallsleg aukning kennsluskyldu.

- A. Hlutfallsleg aukning kennsluskyldu umfram almennar starfsskyldur byggir á meðaltalsrannsóknavirkni síðustu þriggja eða fimm ára eftir því hvort hagstæðara er fyrir viðkomandi.
 1. Lektorar, dósentar og prófessorar í fullu starfi með færri en 10 rannsóknastig að meðaltali síðustu þrjú eða fimm ár fá hlutfallslega aukningu í kennsluskyldu sbr. töflu A. Aðjúnktar í fullu starfi með færri en 7 rannsóknastig að meðaltali síðustu þrjú eða fimm ár fá á sama hátt hlutfallslega aukningu í kennsluskyldu sbr. töflu B.
 2. Taka skal tillit til starfshlutfalls og rannsóknaskyldu í hverju tilviki þegar vikið er frá almennum reglum.
 3. Taka skal tillit til breytinga á starfsskyldum vegna töku fæðingarorlofs, veikinda eða slysa, sbr. gildandi reglur þar um.
 4. Ekki skal auka hlutfall kennsluskyldu fyrstu fimm árin í starfi hjá Háskólanum á Akureyri.

Hlutfallslega aukin kennsluskylda samkvæmt lið A er eins og fram kemur í töflum A og B þegar um fullt starf er að ræða.

Tafla A Rannsóknavirkni, 3 eða 5 ára meðaltal		Tafla B Rannsóknavirkni, 3 eða 5 ára meðaltal	
Prófessorar, lektorar og dósentar		Aðjúntar 1	
Rannsóknastig	Kennsluskylda	Rannsóknastig	Kennsluskylda
9	48,3%	6	65,4 %
8	49,2%	5	66,7 %
7	50,7%	4	68,9 %
6	52,8%	3	71,9 %
5	55,5%	2	75,7 %
4	58,8%	1	80,4 %
3	62,7%	0	86,0 %
2	67,2%		
1	72,3%		
0	78,0%		

- B. Þrátt fyrir lið A getur kennari óskað eftir því að auka kennsluskyldu sína á kostnað rannsóknaskyldu. Þá getur fræðasviðsforseti við sérstakar aðstæður, t.d. vegna tímabundins álags, skorts á kennslukrafti, veikinda eða fjarvista af öðrum toga, ákveðið í samráði við kennara að hann auki kennsluskyldu sína tímabundið á kostnað rannsóknaskyldu. Ennfremur getur rektor kallað starfsmann tímabundið til sérstakra starfa og breytast þá starfsskyldur hans eftir samkomulagi.

Um hlutfallslega aukna kennsluskyldu skv. liðum A og B gildir eftirfarandi:

- Stjórnunarskylda helst óbreytt en rannsóknaskylda minnkar að sama skapi og kennsluskyldan eykst.
- Yfirvinnubak vegna kennslu breytist ekki.
- Kennslustigum fjölgar um 0,5 stig á ári fyrir hvern hundraðshluta sem kennsluskyldan eykst af heildarvinnuskyldu.

II. Hlutfallslega aukin rannsóknaskylda.

1. **Almenn regla:** Óski kennari eftir að auka hlutfall rannsóknaskyldu sinnar á kostnað kennsluskyldu skal almenna reglan vera sú að hann finnur kennara í sinn stað og greiðir kennsluna af sértekjum/sjálfsaflafé.
2. **Sérregla:** Telji fræðasviðsforseti/deild mikilvægt að tilteknum kennara sé gert kleift að auka hlutfall rannsóknaskyldu sinnar getur viðkomandi svið/deild samþykkt að bera kostnaðinn vegna þess.
3. Kennari sem eykur við sig hlutfall rannsóknaskyldu samkvæmt 1. lið getur ekki kennt í yfirvinnu nema um sé að ræða leiðbeiningu við meistara- og/eða doktorsritgerð.

4. gr.

Rannsóknaleyfi

Háskólakennari á rétt á rannsóknarmisseri. Til þess að geta sótt um rannsóknarmisseri skal háskólakennarinn hafa sinnt fullri kennslu- og stjórnunarskyldu undangengin sex eða tólf misseri eftir því hvort sótt er um eitt eða tvö rannsóknarmisseri, samanlögð stig vegna

rannsóknna nema að minnsta kosti 10 stigum á ári að meðaltali, á síðustu 3-5 árum. Sjá nánar Reglur um rannsóknamissari kennara við Háskólann á Akureyri nr. 355/2012 með breytingu nr. 636/2013 og nr 853/2020.

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur samþykkt, eru settar á grundvelli 15. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85 frá 2008 og 18. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri, nr. 387 frá 1. apríl 2009. Reglur þessar öðlast gildi 1. ágúst 2018 (með breytingum frá fyrri reglum sem tóku gildi 1. ágúst 2016, en þá féll einnig úr gildi eldra samkomulag um „Fyrirkomulag vegna skilgreindra stjórnunarstarfa“).

Fylgiskjal II

Skilgreining á nýdoktor

Nýdoktor er starfsmaður sem ráðinn er til rannsóknastarfa við háskóla á sérsviði sínu að afloknu doktorsprófi (PhD). Ráðningin er tímabundin og getur ekki varað lengur en sem nemur fimm árum frá doktorsprófi viðkomandi.

Pungamiðjan í starfi nýdoktors eru rannsóknir, markmiðið er að þær leiði til birtinga greina í ritrýndum fræðiritum og/eða til ráðstefna um rannsóknarefnið.

Nýdoktorar eru ekki akademískt starfsfólk í þeim skilningi að þeir séu ráðnir í starf að undangengnu hæfnismati. Störf nýdoktora eru yfirleitt kostuð af rannsóknarstyrkjum/sjálfsaflafé og er nýdoktorum gert að vinna sjálfstætt að rannsóknum sínum, þó gjarnan í samstarfi við akademískt ráðinn starfsmann.

Nýdoktorar fá störf sín metin samkvæmt matskerfi opinberra háskóla og byggir launaröðun á töflu 2.4 í stofnanasamningi HA og Félags háskólakennara á Akureyri.

Þeir nýdoktorar sem ráðnir eru til starfa allt að 5 árum eftir doktorspróf skulu halda starfskjörum nýdoktors á ráðningartíma samnings, þó þannig að starfsheiti þeirra breytist og verður rannsóknasérfræðingur þegar liðin eru 5 ár frá doktorsprófi.

Óski nýdoktor eftir grunnmati samkvæmt matskerfi opinberu háskólanna, gildir hækkunin sem matið hefur í för með sér, frá mánaðarmótunum eftir að umsóknin berst stjórnsýslu rannsókna við HA.

Undirritunarsíða

Áslaug Ásgeirsdóttir



Undirritað af:
Áslaug Ásgeirsdóttir
0306664379
Dags: 18.12.2025
Tími: 09:38:36
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 61def179-945a-
428b-bff6-239aa3bfbfa8

Hjördís Sigursteinsdóttir



Undirritað af:
Hjördís Sigursteinsdóttir
2002675839
Dags: 18.12.2025
Tími: 11:56:36
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 61def179-945a-
428b-bff6-239aa3bfbfa8